

Jón Kristjánsson
fiskifræðingur
Skipasundi 90,
104 Reykjavík

Símar: 553 4873, 892 7864
jonkr@mmedia.is

Efri-Laxá á Ásum, 2000

Seiðarannsóknir og ræktunaráætlun

12. Október 2000

Aðferðir



Rannsókn var gerð á á ánni 8. og 9 september í þeim tilgangi að kanna afkomu, útbreiðslu og þrif laxa- og urriðaseiða. Áin var skoðuð á tveimur stöðum, neðan og ofan við veiðihúsið og frá stíflunni í Svínavatni og 470 m niður frá henni. Veitt var með rafmagni á hefðbundinn hátt, en með þeirri aðferð fæst mynd af seiðabúskap þess svæðis sem veitt er á. Öll seiði voru lengdarmæld og hluti þeirra aldursgreindur.

Við stífluna neðan Svínavatns var veitt vítt og breitt í ánni með um 50 m millibili og seiðafjöldinn metinn huglægt, þ.e. hvort mikið eða lítið væri af seiðum miðað svipaðar aðstæður annars staðar frá eða í ánni sjálfri innbyrðis. Staðarákvarðanir og fjarlægðamælingar voru gerðar með GPS tæki.

Niðurstöður


1) Svæðið kring um veiðihúsið.

Veitt var frá girðingarhorninu 340 m neðan við veiðihúsið og um 20 m upp eftir. Veitt var út í miðja á. Lítið fannst af seiðum, nær eingöngu urriði 1-2 ára, tvö stór laxaseiði fengust, engin smærri. Lengdardreifing urriðaseiða er sýnd hér til hægri




Þá var veitt á grynningum í beygju sem er 320 m í loftlínu ofan við brúna, við lítinn hólma sem er þarna í ánni. Þarna sáust riðholur, líklega eftir urriða, á grunnum fínum malarbotni. Talsvert fannst þarna af sumargömlum urriðaseiðum, tvö sumargömul laxaseiði og eitt stórt. Sjá mynd hér til vinstri af lengdardreifingu urriðaseiða.

Neðan við Húshyl fundust sumargömul laxaseiði og urriðaseiði. Engin stór seiði fundust og almennt var lítið af seiðum. Lengdardreifing urriða til hægri.



2) Neðan við stífluna í Svínavatni

Mjög lítið fannst á þessu svæði. Helst sumargömul urriðaseiði næst bakkanum. Þrjú stór laxaseiði veiddust og var þeim öllum sleppt. Segja má að þetta svæði sé tóm, svo lítið fannst af seiðum. Þetta er mjög óeðlilegt miðað við botngerð árinna og að þetta sé útrennsli úr stöðuvatni, vegna þess að alla jafna eru þetta bestu uppeldisstaðir vatnakerfanna. Næringin úr vatninu nýtist botndýrunum, aðallega mýi, sem er svo fæða handa fiski.




Áin var slýgróin þegar athugunin fór fram en greinilegt að mikill vatnaflóki hefur verið í ánni í sumar. Þó hann sé ekki heppilegur fyrir botndýr og seiði er hæpið að það geti skýrt seiðaleyðið.

Líklegra er að þurrkar og / eða frost að vetri vegna vatnsmiðlunar eigi þar hlut að máli. Nauðsynlegt er að ganga svo frá málum að áin þorni aldrei. Almenn má segja að seiðamagn í ánni sé undarlega lítið miðað við botngerð og búsvæði. Mætti halda að áin færi illa á vetrum, þotnaði etv. upp að hluta. Þetta hefur ekki annan rökstuðning en þann að árgangaskipun seiðanna bendir til þess. Það finnast smáseiði en ekki stærri seiði. Þar sem smáseiðin finnast hafa hrognin lifað veturinn, en efst í ánni finnast engin smáseiði, það bendir til þess að þar hafi hrognin frosið eða þornað. Eins virðist ögn meira af stærri seiðum því neðar sem veitt er í ánni.

Ætlunin er að athuga sérstaklega næst sumar hvort og

hvernig stærðar og aldursdreifing seiðanna breytist niður eftir ánni. Þetta verður gert á svipaðan hátt og nú var gert neðan stíflu: Gengið með ánni og veitt með 50 m. millibili, seiðin mæld, aldurssýni tekin og fjöldinn metinn hlutlægt.



Ræktunaráætlun

Það er þekkt að seiðauppeldi efst í ánni hefur ekki gengið sem skyldi. Reynt hefur verið að grafa niður laxahrogn en árangur af því hefur verið óviss og ekki hafa fundist seiði sem sannanlega hafa komið frá hrognagreftri, þó oft hafi fundist þarna stór laxaseiði. Ekki eru urriðaseiði þarna heldur, en fjöldi þeirra vex eftir því sem neðar dregur.

Þess vegna er nú lagt til að fara nýja leið. Hún felst í því að kletja út hrognunum í klakhúsi og sleppa svokölluðum pokaseiðum í ána. Ýmsir kynnu að telja þetta skref aftur á bak, þegar seiðaeldisstöðvar eru á hverju strái. Því er til að svara að auk þess að vera verulega ódýrara, nær sjálfbært ef vel tekst til, er verjandi að sleppa svo smáum seiðum vagna þess að engin seiði eru þarna fyrir, etv. vegna þess að klak misheppnast. Vera má að sumargömul seiði muni farast á vetrum vegna ástæðna sem áður eru nefndar (vatnsmiðlun), en ekki hefur verið hægt að ganga úr skugga um slíkt þar sem engin sumargömul seiði hafa nokkurntíma fundist þarna að hausti.

Gerð klakhúss

Einfaldast virðist að útbúa klakhús í laxastiganum í stíflunni. Þar er rétt hitastig til þess að seiðin kletist út á réttum tíma og auðvelt er að koma fyrir klakskúffum á flotgrindum.

Byggja þarf þak yfir stigann til að halda frá snjó og ganga þannig frá að unnt sé að athafna sig inni við hreinsun hrogna.

Best virðist að nota þrep 2 fyrir klakið og þyrfti að útbúa í það gólf að hluta, eða planka sitt hvoru megin svo hægt sé að vinna þar. Slíkt ætti ekki að kosta mikið, um eða innan við 100.000 kr, allt eftir þeim kröfum sem gerðar yrðu.

Hér eru sýndar lauslegar teikningar af þaki yfir stigann og hvernig útbúa má flotgrindur fyrir hrognaskúffur. Hver skúffa tekur um 1,5 l af hrognum eða um 7000 stk. Nánari upplýsingar má gefa við framkvæmdaraðila þegar þar að kemur.

